

# Reglur um þjónustuíbúðir fyrir aldraða

## I. kafli

### Almennt um þjónustuíbúðir

#### 1. gr.

##### Skilgreining

Með þjónustuíbúð er átt við hverja þá leiguíbúð sem eru sérstaklega ætlaðar öldruðum sbr. 4. töl. 13. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra og leigðar eru út í samvinnu og samráði við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Þjónustuíbúðir fyrir aldraða eru ætlaðar þeim sem þurfa aðstoð og stuðning til að geta búið á eigin heimili sbr. 1. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.

Þjónustuíbúðir eru klasar íbúða þar sem gætt hefur verið að aðgengis- og öryggismálum. Þjónustuíbúðir eru a.m.k. á þjónustustigi 2 skv. skilgreiningu á þjónustu- og öryggisíbúðum fyrir aldraða sem samþykkt var í velferðarráði 14. nóvember 2007 og í borgarráði 22. nóvember 2007.

#### Íbúðir fyrir eldri borgara – þjónustustig 1

Með íbúðum fyrir eldri borgara er átt við klasa íbúða þar sem til staðar er þjónusturými. Við byggingu og frágang íbúða hefur verið gætt að aðgengis- og öryggismálum, s.s. með lyftum, handriðum, breiðum göngum og öryggisdúkum á gólfum. Í þjónusturýmum er aðstaða fyrir þá aðila sem veita heimaþjónustu, heimahjúkrun og aðra þjónustu samkvæmt einstaklingsbundnum umsóknum.

#### Þjónustuíbúðir - þjónustustig 2

Þjónustuíbúðir eru klasar íbúða þar sem gætt hefur verið að aðgengis- og öryggismálum, s.s. með lyftum, handriðum, breiðum göngum og öryggisdúkum á gólfum. Innangengt er í félags- og þjónustumiðstöð þar sem m.a. er aðstaða fyrir starfsfólk til að skipuleggja og veita þjónustu og aðstaða fyrir íbúa til að sinna félagsstarfi. Starfsfólk er til staðar á daginn og sólarhringsvaktþjónusta. Heimaþjónusta og heimahjúkrun er veitt samkvæmt einstaklingsbundnu mati. Sameiginlegur matur í hádegi er í boði.

#### Öryggisíbúðir – þjónustustig 3

Eru klasar íbúða þar sem gætt hefur verið að aðgengis- og öryggismálum, s.s. með lyftum, handriðum, breiðum göngum og öryggisdúkum á gólfum. Þessar íbúðir geta verið hluti af hjúkrunarheimili. Til staðar er þjónusturými þar sem aðstaða er til að sinna félagsstarfi og aðstaða fyrir starfsmenn til að skipuleggja og veita þjónustu. Veitt er sólarhringsþjónusta með aðgengi að vaktþjónustu hjúkrunarfræðings. Heimaþjónusta og heimahjúkrun er veitt samkvæmt einstaklingsbundnu mati. Sameiginlegur matur er í boði.

#### 2. gr.

##### Markmið

Markmið með rekstri þjónustuíbúða er að mæta þörfum íbúa sem þar búa, stuðla að sjálfstæði þeirra s.s. hvað varðar fjármál og heimilishald og stuðla að sem mestri sjálfsbjargargetu hvers og eins. Þeim er ætlað að vera íbúum hentugur bústaður þar sem þeir geta haldið eigið heimili

sem lengst við ákjósanlegar aðstæður. Með því móti er leitast við að fresta eða koma í veg fyrir stofnanadvöl.

Þjónustuíbúðir eru úrræði í þeim tilvikum þegar tilboð heilbrigðis- og félagsþjónustu í heimahús fullnægja ekki þjónustubörf lengur og/eða þegar einstaklingur kys að búa ekki lengur á heimili sínu.

### **3. gr.**

#### **Þjónustuíbúðir**

Þjónustuíbúðir sem úthlutað er í eftir regum þessum eru á eftirtöldum stöðum:

- Dalbraut 21-27
- Furugerði 1
- Lindargötu 57-66
- Lönguhlíð 3
- Norðurbrún 1
- Seljahlíð v/Hjallasel
- Einnig þær þjónustuíbúðir sem Eir og Hrafnista eru að byggja og úthlutað verður til Reykjavíkurborgar í Spönginni og á Sléttuvegi.

Innheimt er leigu- og þjónustugjald í þjónustuíbúðum sbr. 20. gr. laga nr. 125/1999<sup>1</sup> um málefni aldraðra.

## **II. Kafli**

### **Réttur til umsóknar**

#### **4. gr.**

#### **Hverjir geta sótt um þjónustuíbúðir**

Forsenda þess að geta sótt um þjónustuíbúð er að umsækjandi uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:

- a) eigi lögheimili í Reykjavík og hafi átt lögheimili í Reykjavík að minnsta kosti samfellt í þrjú ár fyrir umsóknardag.
- b) umsækjandi sé í þörf fyrir aðstoð og stuðning til að geta búið á eigin heimili sbr. matsviðmið skv. 7. gr. reglna þessara. Umsækjandi sé að mati félagsráðgjafa/ráðgjafa sem og annarra sérfræðinga sem málið þekkja í þörf fyrir þjónustu og stuðning sem ekki er unnt að veita í núverandi húsnæði umsækjanda.
- c) Umsækjandi hafi að mati félagsráðgjafa/ráðgjafa ekki möguleika á því að kaupa eigið húsnæði/búseturétt í húsnæði sem hentar.

#### **5.gr.**

#### **Undanþágur frá skilyrðum**

Heimilt er að veita undanþágu frá skilyrðum 4. gr. um lögheimili við eftirfarandi aðstæður:

---

<sup>1</sup> 20. gr. Íbúar í þjónustuíbúðum, sbr. 4. tölul. 13. gr., greiða sjálfir þá þjónustu sem þar er veitt, aðra en heimaþjónustu, sbr. 24. gr., samkvæmt ákvörðun rekstraraðila.

- a) umsækjandi hefur búið í Reykjavík stóran hluta ævi sinnar en flutt tímabundið úr sveitarfélaginu vegna húsnæðisvanda eða vinnu.
- b) umsækjandi er samkvæmt faglegu mati félagsráðgjafa/ráðgjafa í erfiðum félagslegum og fjárhagslegum aðstæðum og heilsufarslegar aðstæður eru slæmar sbr. liði A. B. og D í matsviðmiði sbr. fylgiskjal 1.

### **III. kafli**

#### **Umsóknir um þjónustuíbúðir, mat á þjónustupörf, forgangsröðun o.fl.**

##### **6. gr.**

##### **Umsókn um þjónustuíbúð**

Sótt er um þjónustuíbúðir á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar.

##### **7. gr.**

##### **Mat á þörf fyrir þjónustuíbúð**

Uppfylli umsækjandi skilyrði a og c liðar 4. gr. fer fram mat á aðstæðum umsækjanda skv. b lið 4. gr. Félagráðgjafi/ráðgjafi leitar upplýsinga m.a. um andlegar, líkamlegar og félagslegar aðstæður umsækjanda ásamt þjónustupörf og húsnæðisstöðu. Umsækjandi verður að hafa að lágmarki 4 stig samtals sbr. A og B lið í matsviðmiði til að umsókn öðlist gildi.

##### **8. gr.**

##### **Forgangsröðun umsókna**

Fullnægi umsækjandi skilyrðum 4. og 7. gr. raðast umsóknin í forgangsröð eftir ákveðnum matsviðmiðum sbr. fylgiskjal 1, þar sem m.a. er haft til hliðsjónar núverandi heilsufar, félagslegar aðstæður og húsnæðisstaða. Greining skv. matsviðmiði er höfð til hliðsjónar við úthlutun á þjónustuíbúðum.

##### **9. gr.**

##### **Skriflegt svar**

Umsækjandi fær skriflegt svar þar sem fram kemur hvernig umsókn hans var metin skv. 7. gr. þessara reglna.

##### **10. gr.**

##### **Upplýsingar um aðstæður**

Umsækjandi skal vera í tengslum við félagsráðgjafa/ráðgjafa sinn á biðtímanum og gera grein fyrir breytingum sem verða á aðstæðum hans og kunna að hafa áhrif á fyrirliggjandi mat á þeim.

Félagráðgjafi/ráðgjafi skal veita umsækjanda upplýsingar um stöðu á biðlista, endurmeta aðstæður og veita félagslega ráðgjöf ef þurfa þykir.

## **IV. kafli**

### **Úthlutun**

#### **11. gr.**

#### **Úthlutun á þjónustuíbúð**

Úthlutun þjónustuíbúða fer fram á sérstökum úthlutunarfundi sem aðalskrifstofa Velferðarsviðs boðar til.

#### **12. gr.**

#### **Tilkynning um úthlutun**

Þegar umsækjandi hefur fengið úthlutað þjónustuíbúð fær hann skriflega tilkynningu þar um. Þar er viðkomanda bent á að hafa samband við forstöðumann viðkomandi þjónustuíbúðakjarna eða þjónustudeild Félagsbústaða ehf. eftir því sem við á, til þess að skoða húsnæðið og til undirritunar leigusamnings.

Viðkomanda er veittur 10 daga frestur til þess að tilkynna hvort hann þiggur þjónustuíbúðina.

## **V. Kafli**

### **Málsmeðferð**

#### **13. gr.**

#### **Könnun á aðstæðum**

Könnun á aðstæðum umsækjanda skal fara fram frá viðkomandi þjónustumiðstöð svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn hefur borist.

#### **14. gr.**

#### **Samvinna við umsækjanda**

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

#### **15. gr.**

#### **Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum**

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi. Starfsmenn þjónustuíbúða eru bundnir þagnarskyldu um þau atriði er þeir komast að í starfi sínu. Þagnarskylda helst þótt starfsmenn láti af störfum.

#### **16. gr.**

#### **Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum**

Starfsmenn Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

### **17. gr.**

#### **Niðurstaða og rökstuðningur synjunar**

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með vísan viðeigandi ákvæða þessara reglna.

Þar sem starfsmenn hafa umboð til að taka ákvörðun á grundvelli þessara reglna skulu þeir kynna umsækjanda niðurstöðu tryggilega og kynna honum um leið rétt hans til að fara fram á að velferðarráð fjalli um umsóknina. Umsækjandi hefur fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til velferðarráðs frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Velferðarráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Ákvörðun velferðarráðs skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

### **18. gr.**

#### **Málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu**

Umsækjandi getur skotið ákvörðun velferðarráðs til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun velferðarráðs.

### **19. gr.**

#### **Gildistaka**

Reglur þessar eiga við um alla þá sem sækja um þjónustuíbúð eftir gildistöku reglnanna.

Reglur þessar taka gildi 1. maí 2008

---

## Mat á þörf og forgangsröðun biðlista eftir þjónustuíbúðum Reykjavíkurborgar

Þjónustuíbúðir Reykjavíkurborgar eru ætlaðar fólki sem þarf meiri aðstoð og stuðning en hægt er að veita í heimahúsi, en heilsufar ekki orðið það slæmt að þörf er fyrir hjúkrunarheimili. Grundvallarþættir mats fyrir þörf á þjónustuíbúð eru því **líkamlegt og andlegt heilsufar** umsækjanda.

1. Ef heilsufar umsækjanda (líkamlegt **og** andlegt) er metið til **færri en 4 stiga** er umsókn synjað.
2. Ef heilsufar umsækjanda er metið til **samtals 4 stiga** (líkamlegt 2 stig **og** andlegt 2 stig) eru aðstæður umsækjanda skoðaðar nánar. M.a. er litið til aldurs umsækjanda og þeirrar þjónustu sem hann nýtur þegar. Í kjölfarið kann umsókn að vera synjað eða samþykkt. Verði umsókn samþykkt fer umsækjandi á biðlista Velferðarsviðs eftir þjónustuíbúð.
3. Ef heilsufar umsækjanda **annað hvort** líkamlegt **eða** andlegt er metið til **4 stiga**, er umsókn samþykkt og umsækjandi fer á biðlista eftir þjónustuíbúð. Ekki skiptir máli þó að heilsufar í hinum flokknum sé metið til 0 stiga, t.d. líkamlegt heilsufar metið til 4 stiga og andlegt heilsufar til 0 stiga.
4. Ef heilsufar umsækjanda er metið til **20 stiga** er umsókn synjað og viðkomandi leiðbeint að sækja um vistun á hjúkrunarheimili. Ástæðan er sú að ástand umsækjanda er metið slíkt að hann þarf frekar á hjúkrunarheimili að halda en þjónustuíbúð.

<b>A - LÍKAMLEGT HEILSUFAR</b>	<b>STIG</b>
Gott	0
Ábótavant	2
Lélegt	4
Slæmt	6
Verulega slæmt	20

<b>B - ANDLEGT HEILSUFAR</b>	<b>STIG</b>
Gott	0
Ábótavant	2
Lélegt	4
Slæmt	6
Verulega slæmt	20

Ef umsækjandi hefur verið metinn í þörf fyrir þjónustuíbúð vegna heilsufars er einnig tekið tillit til eftirfarandi þátta í forgangsröðun á biðlista.

<b><i>C - ALDUR UMSÆKJANDA</i></b>	<b><i>STIG</i></b>
Yngri en 75 ára	0
75 ára til 84 ára	1
85 ára og eldri	3

<b><i>D - FÉLAGSLEGAR AÐSTÆÐUR</i></b>	<b><i>STIG</i></b>
Góðar	0
Lélegar	1
Erfiðar	3
Neyðarástand	5

<b><i>E - HÚSNÆÐISAÐSTÆÐUR</i></b>	<b><i>STIG</i></b>
Góðar	0
Ábótavant	1
Verulega erfiðar	3
Neyðarástand	5

<b><i>F - ALDUR UMSÓKNAR</i></b>	<b><i>STIG</i></b>
Ný umsókn	0
Eldri en eins árs	1
Eldri en tveggja ára	2
Þriggja ára og eldri	3